

AUGLÝSING

um nýja lyfjaverðskrá I.

Frá og með 1. marz n. k. gengur í gildi ný lyfjaverðskrá I, og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 1. september 1959, með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. febrúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Eliás Eliasson.

14. febrúar.

Nr. 36.

SAMÞYKKT

um breytingu á fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 15 18. febrúar 1958.

1. gr.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

2. gr.

2. grein orðist svo:

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 2 f. h. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 1 f. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við, að báðir dagar séu meðtaldir.

Sé róíð með línu á tímabilinu frá 16. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 12 að kveldi. Sé róíð með línu á tímabilinu frá 1. ágúst til áramóta, má ekki róa fyrr en hér segir:

Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h. og í nóvember og desember kl. 3 f. h.

Tímamerkið fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefið á sama tíma og á heimamiðum, í gegnum Vestmannaeyjaradíó á bylgjulengd 2308 kílórið.

3. gr.

3. grein samþykktarinnar orðist svo:

Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. Bátum þeim, sem róa austur í Meðallandsbugt er heimilt að fara austur að Alviðruhamravita og bíða róðrmerkis þar. Þeir, sem fara 30 sjómílu vestur fyrir Eyjar, taka tímamerkið 20 sjómílu frá Eyjum. En þar til róðrmerkið er gefið, skulu allir halda sér innan takmarka þeirra sem hér segir:

Þeir, sem eru á Víkinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með þrem gulum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau ber saman.

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að tvö gul ljós ofarlega og vestarlega í bænum beri saman, og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarrey í Faxasker að norðan.

Þeir, sem eru austur við Dyrhólaey, mega ekki fara austar en Dyrhólaeyjarvitinn miðist í misvísandi NA og skulu þeir halda sér innan við 45 faðma dýpi.

Þeir, sem fara austur að Alviðruhamravita mega ekki fara austar en að Alviðruviti miðist í norður eftir kompás, og ekki dýpra en á 60 faðma dýpi.

Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir tilteknar línur. Eftirlitsbátar skulu dreifa sér á ofangreindar línur, svo að þeir geti sem bezt fylgzt með því, að ákvæðum fiskveiðisamþykktarinnar sé fylgt, og leyfist þeim að sjálfsögðu að fara út fyrir línu til eftirlits.

Á leiðinni út og inn höfnina má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að hann láti vel að stjórn.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarða, fyrr en tímamerkið hefur verið gefið.

Bátar þeir, sem ætla að sækja austur fyrir Dyrhólaey, mega alls ekki leggja línu sína vestan við Dyrhólaey, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum austan Dyrhólaeyjar. En þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa tekið tímamerkið á Víkinni, og sameinast þeim, áður en þeir fara að leggja.

Bátar þeir, sem taka tímamerkið við Alviðruhamravita, skulu skyldir að fara minnst 15 sjómílur austur fyrir Alviðruhamravitann, áður en þeir byrja að leggja. Sömulveiðis mega þeir alls ekki leggja línu sína vestan áðurgreindra marka, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum í Meðallandsbugt, en þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem róðið hafa frá Dyrhólaey eða af Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir byrja að leggja.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sama efni, nr. 23 5. marz 1959.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 162. 30. september 1941.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu.

1. gr.

a. Við 37. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Skylt er mönnum að hafa hunda sína í öruggri vörzlu.

Verði misbrestur á því eiga eigendur enga bótakröfu, ef hundar þeirra verða fyrir meiðslum eða fjörtjóni.